



Fundargerð

Boðandi Lilja Hrönn Önnudóttir
Hrannarsdóttir

Dagsetning 12.12.2024

Tími 09:00 – 10:00

Staðsetning TEAMS

Málsnúmer MAR23110134

Boðuð Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson

Þátttakendur Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson

82. fundur Fiskeldissjóðs

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir nr. 80 og 81 lagðar fram fyrir stjórn. Báðar samþykktar.

2. Samþykkt á lokaskýrslum

Stjórn samþykkti eftirfarandi lokaskýrslur á milli funda.

- Vatnsveita í Bolungarvík, bygging miðlunartanks, Bolungarvíkurkaupstaður frá árinu 2022
- Vatnsveita (framhaldsverkefni), Bolungarvíkurkaupstaður frá 2023
- Aðkoma, aðstaða og aðgengi að hafnarsvæði, Bolungarvíkurkaupstaður frá 2024

Eftirfarandi lokaskýrsla var samþykkt af stjórn á fundinum.

- Neysluvatnsholur í Bolungarvík, Bolungarvíkurkaupstaður frá 2024

3. Uppfærsla á gögnum á vefsíðu Fiskeldissjóðs

Stjórn fól starfsmanni að uppfæra gögn á heimasíðu sjóðsins.

4. Staða á verkefnum sem hafa fengið styrk, lokið ólokið

Stjórn fól starfsmanni að hafa samband við þau sveitarfélög sem hafa fengið styrk úr sjóðnum og óska eftir áramótastöðu á verkefnum sem hafa hlotið styrk.

Stjórn fól Kjartani að athuga hvort að hægt sé að birta upplýsingar um stöðu verkefna með gagnvirkum hætti á heimasíðu sjóðsins

5. Úthlutun 2025

Stjórn ræddi úthlutun ársins 2025

Stjórn fól starfsmanni að útbúa drög að auglýsingu fyrir úthlutun ársins 2025.

Stjórn óskaði eftir því að starfsmaður bókaði fund með nýjum ráðherra, verði búið að mynda ríkisstjórn, í janúar.



Fundargerð

6. Önnur mál

Starfsmanni falið að boða næsta fund 8. janúar 2025.